



Reykjavík, 8. janúar 2024

SFS24010042

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

---

### Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukið vægi listgreina á unglíngastigi

Samhliða seinkun á byrjun skóladags hjá unglíngum í Reykjavík er lagt til að við undirbúning þess verði skoðað að auka vægi listgreina á þessu skólastigi. Horft verði til þess að fjölga nimum í listgreinum sem kenndar eru utan skóla og yrðu skilgreindar sem valgreinar sem metnar yrðu til náms. Mikilvægt er að skoða aukna hvata með það að markmiði að fjölga nemendum í fjölbreyttu listnámi. Í því tilliti er meðal annars horft til niðurstöðu Pisa könnunar og stöðu nemenda í íslensku. En rannsóknir hafa sýnt að aukin þátttaka í listnámi eykur færni nemenda í íslensku og þar af leiðandi í öðrum námsgreinum því velgengni á einu sviði eykur velgengni á öðru sviði. Í því samhengi hefur einnig verið sýnt fram á tengsl milli tónlistarnáms og færni í stærðfræði. Rannsóknir hafa einnig sýnt að aukin þátttaka í námi í listgreinum byggir upp jákvæða sjálfsmynd hjá nemendum og eykur á sjálfstraust.



Reykjavík